

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

AUKAFUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

Árið 2019, föstudaginn 24. maí. kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Elín Gylfadóttir, Ásgeir Hólm Agnarsson, Samúel Kristjánsson oddviti, Karl Guðmundur Kjartansson og Elsa Borgarsdóttur.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.

Samúel Kristjánsson býður viðstadda velkomna og athugar með lögmæti fundarins. Ekki eru athugasemdir við boðun eða lögmæti fundar.

Dagskrá fundar er eftirfarandi:

1. Fyrri umræða um ársreikning Súðavíkurhrepps 2018.
2. Húsnæðismál – minnisblað frá sveitarstjóra vegna leigumála.
3. Önnur mál.

Oddviti boðar umræðu um dagskrá eftir liðum.

Dagskrá:

1. Fyrri umræða um ársreikning Súðavíkurhrepps 2018.  
Kynning endurskoðanda. Fyrri umræða búin. Verður yfirfarið nánar fyrir seinni umræðu.
2. Húsnæðismál – minnisblað frá sveitarstjóra vegna leigumála kynnt.  
Samþykkt að endurskoða leigumál. Sveitarstjóra falið að kanna nánar þá samninga sem eru í gildi.
3. Önnur mál.
  - Rætt um Fasteignafélagið Langeyri. Framtíðarhorfur, stefna og stjórn félags. Þarf að kanna hvort unnt sé að auka tekjur til sveitarfélagsins.
  - Rætt um refa- og minkaveiðar. Rætt um ráðningu refa- og minkaskyttu sbr. auglýsingu í vor og endurskoðun gjaldskrár fyrir felldan mink og ref. Sveitarstjóra falið að kanna tilhögun síðustu ára.
  - Ákveðið að önnur umræða um ársreikning verður að viku liðinni þann 31. maí 2019, klukkan 8:30 á sama stað.
  - Vegna ítrekaðra funda um málefni tengd sveitarfélaginu er tillaga um að virkja betur kjörna fulltrúa við fundarsókn. Tölvupóstur frá Ásgeiri Hólmi Agnarssyni lagður fram.
  - Ferðamál og tengt aðstöðu fyrir ferðamenn. Kanna hvort unnt sé að bæta úr salernisaðstöðu á helstu ferðamannastöðum við Djúp. Fyrirbyggja óþrifnað sem fylgir aðstöðuleysi. Þarf að kanna kostnað og umsjón.

- Sveitarstjórn leggur til endurskoðun samnings um félagsmálafulltrúa við Bolungarvík og leita eftir samstarfi við annað sveitarfélag eða leita annarra lausna. Erindi vísað til félagsmálanefndar.

**Fleira ekki gert.**

**Fundi slitið kl. 12:20**

**Ásgeir Hólm Agnarsson**

**Karl Guðmundur Kjartansson**

**Elín Gylfadóttir**

**Elsa Borgarsdóttir**

**Samúel Kristjánsson  
oddviti**